

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um hámarkshraða á tvöfaldri Reykjanesbraut.

Frá Jóni Gunnarssyni og Merði Árnasyni.

1. Telur ráðherra eðlilegt að hækka hámarkshraða ökutækja á tvöfaldri Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar?
2. Var gert ráð fyrir hækkun hámarkshraða við hönnun brautarinnar?
3. Kemur til greina að mati ráðherra að hafa mismunandi hámarkshraða sumar og vetur?